

## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, mánudaginn 25.05.2020, kl. 17:15

Mættir: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS). Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson fjármálastjóri (BS) og Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri (ÁIP) sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir:

### Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram til samþykkis

Niðurstaða: samþykkt.

2. Yfirferð á samtölum við formenn deilda

SG nýtti fyrstu vikuna í nýju hlutverki til að hitta alla formenn deilda félagsins ásamt nýjum varaformanni HJ. Fóru þau í gegnum þau samtöl sem þau áttu við formenn deildanna og rauða þráðinn sem einkenndi samtölin. Allir eru sammála um að nú sé lag að horfa fram veginn. Einnig var farið yfir hugmyndir um hvernig við sjáum fram á að halda betur iðkendum í starfinu okkar þvert á deildir.

Niðurstaða: til upplýsinga.

Almenn kynning, þ.m.t. strúktúr og skipurit félagsins, staðan í dag og möguleg tækifæri til að gera betur.

ÁIP fór yfir skipurit félagsins sem unnið var í framhaldi af stefnumótunarvinnu félagsins 2018, eins var farið yfir þá framtíðarsýn sem þá var mótuð til 2030.

EÁ kom með ábendingu um að ekki væri til öldungaráð hjá Stjörnunni líkt og tíðkaðist hjá mörgum félögum, var vel tekið í þá ábendingu og hún færð til skoðunar. Eins væru möguleikar á að endurverkja mannvirkjaráð og stofna fjáröflunarráð sem myndu vinna að hagsmunum félagsins í heild í eftirfarandi málaflokkum í samvinnu við aðalstjórn og stjórnir deilda.

Almennt voru stjórnarmenn sammála um að mikið sóknarfæri væri fyrir félagið í alm. íþróttum, sérstaklega þar sem bæjarfélagið er að stækka og eins þar sem slagorð framtíðarsýnar félagsins er: „frá vöggum til grafar“. Þar gætum við tryggt hreyfingu fyrir allt bæjarfélagið sem er ört stækkandi og fjöldbreyttari hópur.

Eins var farið yfir aðstöðumál félagsins og hvernig þau endurspeglast í framtíðarsýn félagsins. EÁ fór yfir söguna varðandi hugmyndir um bætt félagsaðstöðu við Ásgarð og breytingar á þeim áformum þegar ljóst var að knattþúsið myndi vera reist í Vetrarmýrinni.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. Almenn fjárhagsstaða félagsins

BS fór yfir 4 mánaða uppgjör félagsins 2020. Ljóst er að þó starfsemi okkar sé að komast aftur í eðlilegt horf eru áhrif Covid á starfsemina ekki ennþá fyllilega ljós. Næstu skref eru að teikna upp lausafjárstreymi félagsins fyrir næstu mánuði.

Eins fór BS yfir hugmyndir að breyttu verklagi við samningagerð og innheimtu styrkja, að þeir yrðu ekki tekjufærðir fyrir en greiðsla lægi fyrir.

Umræða var tekin um félagsgjald Stjórnunnar, upplýsa þarf betur um gjaldið. ÁÍP fór yfir hugmyndir að fjárhagsnefnd sem stóð til að setja saman. En sú nefnd myndi vera sett saman af fyrrum stjórnarmönnum aðalstjórnar og núverandi sem hafa þekkingu á fjármálastúktúr félagsins. Nefndin myndi vinna í samvinnu við BS að endurskipulagningu á fjármálaskipulagi félagsins.

Einnig fór ÁÍP yfir tvær nefndir sem stofnaðar voru í framhaldi af stefnumótunarvinnu félagsins en þær voru – nýjar tekjuleiðir og fólkið okkar. ÞS og GBV stýrðu fyrrnefndu verkefni.

**Niðurstaða:** Samþykkt var að skipa fjárhagsnefnd sem BS, IHR & BB myndu sitja. Eins væri ráð að endurvekja nefndina nýjar tekjuleiðir.

#### 4. 30% niðurskurður, forsaga og næstu skref

BS og ÁÍP fóru yfir forsöguna á bak við ákvörðun fyrri aðalstjórnar í samráði við formenn deilda um 30% niðurskurð þvert á allar einingar félagsins. Ljóst var að þau úrræði sem stjórnvöld höfðu sett fram vegna Covid væru ekki að nýtast nema litlum hópi af þjálfurum félagsins þar sem þetta væri þeirra aukavinna í flestum tilfellum og um verktakasamninga að ræða. Málið er sérstaklega viðkvæmt varðandi barna- og unglingastarf félagsins því ljóst er að um 80- 90% af kostnaði við barna- og unglingastarf félagsins er launakostnaður þjálfara og getur 30% skerðing á kostnaði í þessum einingum haft mikil áhrif á þjónustuframboð deildanna. Stjarnan hefur verið stolt af því að bjóða upp á vel menntaða þjálfara ásamt því að hafa hátt þjónustustig á starfsemi sinni.

**Niðurstaða:** BS er falið að vinna áætlanir fyrir barna – og unglingastarfið sem horfa til hagræðingar í rekstri starfseminnar en með tilliti til þess að skerða sem minnst þjónustustigið í starfinu.

#### 5. Styrkur frá Ríkissjóði í gegnum ÍSÍ vegna Covid

BS greindi frá greiðslu sem barst frá ÍSÍ sem styrkur frá Ríkissjóði til íþróttafélaga vegna Covid. Um var að ræða rúmlega 15 milljónir sem félagið fékk í sinn hlut. ÁÍP fór yfir skiptingu þeirra fjármuna sem ÍSÍ fékk frá Ríkissjóði. Heildarupphæðin er 500 milljónir og skipti ÍSÍ þeim fjármunum upp í 3 flokka: 1. greiðslur til aðildarféлага eftir iðkendafjölda; 2. greiðslur til sérsambanda ÍSÍ; og 3. umsóknarferli þar sem félög og sérsambönd geta sent inn beiðni um aukastyrkveitingar vegna sérstakra aðstæðna/tekjutaps.

**Niðurstaða:** ekki verður tekin ákvörðun um úthlutun á þeim styrk sem kom úr flokki 1 frá ÍSÍ fyrir en svör við umsókn félagsins vegna flokks 3 liggja fyrir.

#### 6. Afrekssjóður. Afrekssjóðurinn, hlutverk, staða og úthlutunarreglur

- Beiðni frá Körfuknattleiksdeild v/úrslitakeppni mfl kk
- Beiðni frá körfuknattleiksdeild v/mfl kvk

Farið var yfir stofnskrá, reglugerð og úthlutun Afrekssjóðs fyrir árið 2020. Eins lágu fyrir tvær beiðnir frá stjórn Körfuknattleiksdeildar Stjórnunnar.

**Niðurstaða:** Beiðni kkd vegna mfl kk er frestað til umræðu þar til ljóst er hvernig úthlutun frá ÍSÍ fyrir flokk 3 mun liggja fyrir. Varðandi beiðni kkd um styrk vegna stofnunar mfl kvk var óskað eftir nánari upplýsingum og ÁÍP falið að vinna þær með stjórn kkd.

#### 7. Önnur mál

EÁ fór yfir ritun og aðdraganda að skrifum á Sögu Stjórnunnar (60 ára afmæli félagsins í ár). Var kafli úr bókinni lagður fram til sýnis fyrir stjórnarmenn og eins farið yfir áætluð lok á ritinu, en stefnt er á að ritun á sögunni sé fullkláruð í byrjun ágúst og þá fari bókinn í umbrot og prentun. Um afar

skemmtilegt rit er að ræða þar sem meðal annars er gerð grein fyrir öllum Íslandsmeistaratitlum félagsins.

Skoða þarf möguleikana á forsoðu á bókinni og hvernig henni væri best háttað.

**Niðurstaða:** til upplýsinga.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19:30, Ritað ÁÍP.



stjarnan@stjarnan.is  
bokhald@stjarnan.is



+354 565 1940



Stjörnuheimilinu v/ Ásgarð  
210 Garðabær, Ísland